

Ed.

19. Frumvarp til laga

[19. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Eckard, Richard Henry, eldvarnareftirlitsmaður í Sandgerði, f. 1. október 1945 í Hafnarfirði.
2. Fernándes, Antonio, nemandi á Fáskrúðsfirði, f. 16. maí 1959 á Spáni.
3. Hadzic, Nebojsa, verkamaður í Vestmannaeyjum, f. 20. nóvember 1939 í Júgóslavíu.
4. Hartmann, Ilse Heike, auglýsingateiknari í Hafnarfirði, f. 28. mars 1936 í Þýskalandi.
5. Mooney, Bruce Scott, verkamaður í Reykjavík, f. 20. júlí 1958 í Bandaríkjunum.
6. Vogler, Philip Norman, kennari á Egilsstöðum, f. 4. október 1950 í Bandaríkjunum.
7. Wendover, Arthur Gordon, rafeindavirki á Ísafirði, f. 14. apríl 1947 í Kanada.
8. Wendover, Brigid Elizabeth, húsmóðir á Ísafirði, f. 18. apríl 1944 í Bandaríkjunum.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafröfn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kys heldur, að breyta svo eiginnafröfn sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

Þeim, sem hafa áður fengið íslenskt ríkisfang með lögum, með því skilyrði að þeir breyttu nafni sínu í samræmi við ákvæði þeirra laga sem verið hafa með öðrum hætti í því efni en hér að ofan greinir, skal heimilt, til septemberloka 1987, að fá nöfnum sínum breytt þannig að þau samrýmist ákvæðum þessara laga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta, fullnægja skilyrðum sem sett hafa verið af allsherjarnefndum beggja þingdeilda.

Í 2. mgr. 2. gr. er lagt til að tekin verði upp fyrir þá, sem á undangengnu alllöngu árabili hefur verið veittur íslenskur ríkisborgararéttur, með skilyrðum um að þeir breyttu nöfnum sínum til íslenskar háttar, heimild til þess að fá þeim nú breytt, ef þeir óska þess fyrir lok september 1987, þannig að þau samrýmist ákvæðum 1. mgr. 2. gr., sem nú nokkur síðustu ár hafa verið með sama hætti.

Sams konar heimildarákvæði var veitt í lögum um veitingu ríkisborgararéttar, nr. 45/1985. Sú heimild gildi til ársloka 1985. Eftir að sú heimild rann út hafa allmargir þeirra sem þetta ákvæði átti við um leitað eftir því að fá nafnbreytingu á framangreindan hátt. Hafa þeir þá frétt um þessa heimild eftir að hún rann út eða ekki athugað að sækja um í tíma.

Þykir því eftir atvikum rétt að leggja nú til að heimila slíka breytingu aftur, en einnig tímabundna í nokkra mánuði. Ætti þannig að vera nægjanlega bætt úr þörf þeirra sem þurftu að taka alveg nýtt nafn upp við töku íslensks ríkisborgararéttar til að halda tengslum við sitt fyrra nafn.